



# Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík  
Pósthólf 100 Sími 92-3100

## 58. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 3. apríl 1981. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Hreinn Ásgrímsson, Ingvar Jóhannsson, Jón Hólmgeirsson, Ómar Bjarnþórsson, Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara og Valtýr Guðjónsson, ritari skólanefndar.

Þetta gerðist:

1. Skólameistari sagði frá "Starfsviku" er haldin var 16.-20. mars og lagði fram skýrslu sem Helgi Eiríksson, framkvæmdastjóri starfsvikunnar, hefur samið. Taldi skólameistari skýrsluna greinargóða, en þar vanti að geta um starfsfræðslu sem nokkrir nemendur sóttu og sýningu sem starfsmenn slökkvistöðvarinnar hér settu upp í 7. kennslustofu. Skólameistari taldi vel hafa til tekist um skipulag og framkvæmd og æskilegt að hafa starfsviku sem þessa vetur hvern.
2. Skólameistari flutti skýrslu um kennaranámskeið í Laugargerðisskóla í Hnappadalssýslu 20.- 22. mars s.l. sem að stóðu skólar á Vestur- og Suðvesturlandi sem starfa eftir Námsvísi fjölbrautaskóla. Fjallað var um námsefni framhaldsskóla og stjórn áfangakerfis. Var þátttakendum skipt í hópa til þess að fást við tillögugerð, og á síðasta degi voru saman bornar niðurstöður. Þátttaka var góð af Akranesi og Vesturlandi, en dræmari frá Flensborg og Fjölbrautaskóla Suðurnesja, en þaðan fóru 8 kennarar.
3. Rætt var um tækjakaup og fjárfestingu. Valtýr upplýsti að keypt hafi verið trésmíðataki fyrir rúmar 300.000 kr. og eðlisfræðitæki innleyst fyrir um 100.000 kr., en fjárfesting í tækjum og innréttingu á árinu nemur um 750.000 kr. Skólameistari upplýsti að menntamálaráðuneytið hafi ráðið Gest Einarsson, Rekstrarstofunni, Kópavogi, til þess að gera tillögur um innréttingu og tækjakaup í verknámshúsið að Iðavöllum. Gestur Einarsson var um skeið skólastjóri Iðnskólans á Selfossi. Nýtur hann aðstoðar Sveins Sigurðssonar, fyrrum aðstoðarskólastjóra Iðnskólans í Reykjavík, og fleiri tæknimenntaðra manna.



4. Skólameistari ræddi um undirbúning að fjárhagsáætlun fyrir skólann 1982. Samþykkt var að kjósa Gunnar Sveinsson og Jón Hólmgeirsson til þess að vinna það verk ásamt skólameistara og reikningshaldara. Bent var á að þörf væri á hærri fjárframlögum til fjárfestingar en fengust á síðastliðnu ári.

5. Ræddar voru kennararáðningar. Undanfarin ár hafa auglýsingar um lausar kennarastöður við FS birst seinna en frá öðrum skólum. Æskilegt var talið að þær væru nú fyrr á ferðinni, en þó ekki fyrr en nokkurn veginn verður vitað um námsmagn og nemendafjölda. Talið var æskilegt að fleiri kennarar yrðu skipaðir í störf. Samþykkt var að sækja á um að Sigríður Bílddal hlyti skipun sem fyrst.

6. Önnur mál.

- a) Samþykkt var tillaga skólameistara um að bókasafn skólans kaupi ljósprentaða útgáfu á Skarðsbók sem út kemur á vegum Hins íslenska bókmenntafélags.
- b) Skólameistari lagði fram ljósrít af blaðagreinum hans og annarra sem spunnist hafa út frá skýrslu kennslustjóra Háskólans um einkunnasamanburð. Skólameistari kvað skýrsluna hafa valdið miklum misskilningi og taldi verulega hættu á að hún spillti áliti skólans og drægi úr aðsókn að honum. Kvaðst hann ætla að kanna það er umsóknarfresti um skólavist lyki í vor.
- c) Samþykkt var að fara þess á leit við Ásgeir Ásgeirsson, kennara, að hann semdi skólaskýrslu fyrir fyrstu fimm starfsár skólans. Áformað er að prenta hana og miða við 1000 eintaka upplag.
- d) Samþykkt var að fara þess á leit að menntamálaráðuneytið auglýsi eftir bókaverði í hálf starf er tæki til starfa 1. september n.k.
- e) Samþykkt var að fara þess á leit við menntamálaráðuneytið að að samin verði reglugerð um starfssvið skólanefnda.
- f) Ingvar Jóhannsson spurðist fyrir um hvort unnt væri að gera "meiraprófsnámskeið" að sérstakri kennslugrein í skólanum.  
Samþykkt var að fela aðstoðarskólameistara að kynna sér málið.
- g) Sturlaugur Ólafsson vakti athygli á áfremdarástandi á bílastæðum við skólahúsin bæði- við Sunnubraut og Iðavelli. Gunnar Sveinsson samsinnti, en gat þess jafnframt að hanna ætti í sameiningu lóðir íþróttahúss og skólans, en byggingu hins fyrrnefnda er ekki lokið.

Fleira var ekki afgreitt, en fundi slitið.

Jón Böðvarsson og Valtýr Guðjónsson sömdu fundargerð.